

## Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

3. nóvember 2020

### Fundargerð (14)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 3. nóvember, kl. 14.00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson sem mætti kl. 14.30  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir  
verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 30. október.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 13.** fundar stýrihóps samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar og gerði sérstaklega grein fyrir samantekt um fundi verkefnisstjórnar með hverju bandalagi og hverjum launagreiðanda fyrir sig. Fundirnir voru í september og byrjun október og mikill samhljómur í áherslum hjá öllum sem fundað var með. Í samantektinni eru ábendingar þemagreindar til glöggvunar.
3. **Vægi vinnuskyldustunda.** Samþykkt var fyrirbyggjandi tillaga verkefnisstjórnar um viðbótartexta við gr. 2.6.8.
4. **Umsókn til fræðslusjóða.** Dagný gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu verkefnisstjórnar að texta bréfs til stjórna fræðslusjóða þar sem stýrihópurinn sækir um styrk vegna fræðsluáttaks betri vinnutíma í vaktavinnu. Málið rætt og verkefnisstjóra falið að senda sjóðsstjórnnum erindið sem samhljóða samþykkt stýrihópsins. Með fylgi kostnaðaráætlun með greinargóðu yfirliti um fyrirhugaða fræðslu og markhópa og tölulegar upplýsingar um fjölda sjóða og félaga. Erindið er samhljóða til allra sjóðsstjórna og ber með sér hverjir fá það sent.
5. **Vefurinn og vaktareiknirinn.** Bára fór yfir og sýndi á skjánum breytingar sem gerðar hafa verið á vefsvæði betri vinnutíma og kynnti umbætur á vaktareikninum. Mál rædd og þakkað fyrir góða framvindu og framfarir. Jákvæðar undirtektir við tillögu verkefnisstjórnar um að í nafni gagnsæis verði fundargerðir stýrihópsins birtar á vefsvæðinu eftir samþykkt hverju sinni og jafnframt verði stýrikerfi verkefnisins og skipulag aðgengilegt á vefnum.

6. **Skilgreining á vaktavinnumanni.** Aldís upplýsti um umræðu sem oft kemur upp á fundum með stofnunum og stéttarfélögum um skilgreiningu á vaktavinnumanni og dagvinnumanni. Skilgreiningu á vaktavinnumanni er að finna í fylgiskjali 2 (3 hjá sveitarfélögum) en þörf er á að skýra nánar hvar mörkin liggja milli vaktavinnumanna og dagvinnumanna sem vinnur utan dagvinnumarka. Ákveðið að fela sérstökum hópi það verkefni í samvinnu við verkefnisstjórn. Samþykkt að fulltrúar í stýrihópnum sendi verkefnisstjóra nöfn og netföng þeirra sem þeir tilnefna til að kortleggja stöðu þessara mála og samræma skilgreiningar.

## 7. Önnur mál

- **Sjálfsseignarstofnanir.** Aldís f.h. verkefnisstjórnar óskaði umræðu um aðgang vinnustaða sem reknir eru af sjálfsseignarstofnunum eða frjálsum félagasamtökum, og fara með verkefni í þágu hins opinbera, að störfum stýrihópsins, innleiðingarhópa og fræðslufunda. Málið rætt og verkefnisstjórn falið að kortleggja stöðuna og leggja greinargerð og eftir atvikum tillögu fyrir næsta fund stýrihópsins með það að markmiði að starfsmenn og stjórnendur á þessum vinnustöðum fái greiðan aðgang að undirbúningi og innleiðingu betri vinnutíma í vaktavinnu.
- **Næstu fundir.** Ákveðið að næstu fjarfundir verði boðaðir þriðjudagana 17. nóvember og 1. desember kl. 14 til 15.30.

Fundi slitið kl. 15:27. Fundargerð er aðgengileg á Teams.